

Landsnet hf.  
Gnýr Guðmundsson  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Reykjavík 6. júlí 2018  
UST201806-052/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að Kerfisáætlun 2018 – 2027. Umsögn**


Vísað er til bréfs Landsnets dags. 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.


Framlagðir valkostir eru þeir sömu og kynntir voru í Kerfisáætlun 2016-2025. Hins vegar hafa verið gerðar breytingar á framsetningu verkefna á framkvæmdaáætlun sem að mati Umhverfisstofnunar eru til verulegra bóta.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að fjallað sé um jarðstrengi á þann hátt sem gert er í skýrslunni, þ.e. sem raunhæfa valkosti. Stofnunin telur að gera ætti grein fyrir hvort unnt sé að leggja alfarið DC jarðstrengi í flutningskerfinu í stað jarðstrengja sem ekki er unnt að leggja á jafnlangri leið og fyrrnefnda strengi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri